

Nr. 2
12. febr.

Konungsúrskurður

um
skjaldarmerki Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer allramildilegast úrskurðað þannig:

Skjaldarmerki Íslands skal vera krýndur skjöldur og á hann markaður fáni Íslands. Skjaldberar eru hinar alkunnu fjórar landvættir þannig: dreki, gammur, uxi og risi. Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 12. febr. 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

